

Hvert er hægt að leita?

- ▶ Það eru ýmsir staðir sem einstaklingar geta leitað til ef þá vantar meiri upplýsingar, stuðning eða einfaldlega spjall.
- ▶ Fyrst má nefna **Trans-Ísland** sem er félag transfólks á Íslandi. Hópurinn hittist fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í Regnbogasál Samtakanna '78 kl. 20:00. Hægt er að hafa samband í gegnum facebook-síðuna, í tölvupósti (transiceland@gmail.com) eða hringja í síma 824-2615.
- ▶ Á Norðurlandi geta hinsegin baráttusamtökin **Hin – Hinsegin Norðurland** veitt frekari upplýsingar og stuðning ef þörf er á (facebook: Hin – Hinsegin Norðurland).

Ímyndaðu þér að vakna alla morgna, líta í spegil og hugsa: „Nei, þetta er ekki ég.“

Ef þú ert ekki viss hvort þú átt að segja „hún“ eða „hann“, spurðu þá bara.


Að vera trans snýst um að fá að vera maður sjálfur.

Að vera trans tengist ekki kynhneigð, heldur sjálfsmynd viðkomandi.

Kynhneigð snýst um hverjum þú laðast að, kynímynd snýst um hver þú ert.

Transfólk getur verið, eins og allir aðrir, gagnkynhneigt, samkynhneigt eða allt þar á milli.

[facebook.com/transisland](https://www.facebook.com/transisland)



Þessi bæklingur er ætlaður til fræðslu um transmálefni á Íslandi.

Farið er yfir helstu hugtök sem notuð eru í hinsegin samfélaginu, fornafnanotkun og réttindi ásamt upplýsingum um kynleiðréttingarferlið.

Vonandi veitir þessi bæklingur þér innsýn í heim transfólks og gefur þér færi á að skilja aðstæður þess betur.

Við viljum þakka eftirfarandi aðilum fyrir að gera útgáfu bæklingisins mögulega:

Innanríkisráðuneytið
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Q-Félag hinsegin stúdentanna
Trans-Ísland
Hin - Hinsegin Norðurland

transiceland@gmail.com

Hvað er trans?



Að vera trans

Flestir sem upplifa sig sem trans eiga í erfiðleikum með að viðurkenna það fyrir sjálfum sér og öðrum að þeir séu það til að byrja með. Til eru ótal dæmi um transeinstaklinga sem hegðuðu sér á mis við sitt líffræðilega kyn sem börn. Það er mjög mismunandi á hvaða aldri fólk ákveður að takast á við að vera trans en á Íslandi er algengt að einstaklingar séu komnir langt á þrítugsaldurinn eða jafnvel eldri. Undanfarin ár hefur aldurinn samt lækkað smátt og smátt, sem má líklega rekja til aukinnar fræðslu og þess að transeinstaklingar hafa komið fram opinberlega og barist fyrir réttindum sínum og annarra.

Margir vita ekki hvernig koma skal fram við transfólk. Ýmsir vilja ekki skilja, sumir reyna ekki og enn aðrir halda að það sé svo fáir transeinstaklingar til að það þurfi ekki að hafa áhyggjur af þeim. Það er þó algengara að vera trans en margur heldur.

Aðalástæðan fyrir þessum misskilningi er að fæstir transeinstaklingar vilja koma fram opinberlega í fjölmiðlum heldur kjósa að vera lítið sýnilegir og reyna að lifa sínu lífi í friði.

Hann/hún/það?

Það er alltaf sárt að vera kallaður „það“ og sú orðanotkun mjög dónaleg. Algengasti misskilningur fólks varðandi transfólk er án efa fornafnanotkun og í hvaða kyni á að tala um einstaklinginn. Sumir ganga einfaldlega út frá því að þar sem manneskjan sé líffræðilega karl eða kona eigi að kalla hana eftir því. En einstaklingur sem lifir í tilteknu kynhlutverki vill láta kalla sig eftir því.

Hann er alltaf hann þótt hann hafi fæðst með kvenkyns kynfæri og hún er alltaf hún þótt hún hafi fæðst með karlkyns kynfæri.

Þessi hugsun geturoft reynst fólki erfið, sérstaklega fólki sem þekkti einstaklinginn fyrir breytingu. Með réttu hugarfari og ákveðni er þó allt hægt. Einnig má nefna að sumir einstaklingar skilgreina kyn sitt ekki og kjósa að lifa ekki innan kynjábásanna tveggja. Ef þú ert í vafa, spurðu þá bara!

Annar algengur misskilningur hjá er að tala um transfólk sem **kynskipting** og tala um **kynskiptiaðgerð**. Þessi orð gefa ranga mynd af einstaklingum og aðgerðinni. Flestu transfólki finnst rangt að talað sé um það sem „**kynskiptinga**“ þar sem í rauninni eru einstaklingarnir ekki að skipta um kyn heldur **láta leiðrétta það**. Flestir vilja láta tala um sig sem **trans** (transkona, transmaður, transfólk) en ekki kynskipting. Einnig má benda á að orðið **kynskipti** vísar til endurtekinnar sífellu sem á alls ekki við í þessu tilfalli. Eins er með orðið „**kynskiptiaðgerð**“ sem ætti í raun að vera **kynleiðréttingaraðgerð** vegna þess að það er verið að leiðrétta kyn einstaklings með aðgerð. Í raun er verið að leiðrétta fæðingargalla.

Hugtök og útskýringar

Í hinsegin samfélaginu er orðið trans (sem er stytting á orðinu transgender) oftast notað sem regnhlífarhugtak yfir flókinn og fjölbreytilegan heim transfólks. Orð sem falla undir þá regnhlíf eru t.d. transsexual, klæðskiptingur (transvestite), androgyne, genderqueer og fleira. Í þessum bæklingi verður aðallega fjallað um það sem kallast transsexual, enda hefur það verið mest opinbert í umræðunni hér á Íslandi.

Transsexual: Ýmsir rugla saman hugtökunum transsexual og klæðskiptingur. Að vera transsexual er að fæðast í vitlausum líkama, þ.e. að fæðast sem kona í karlmannslíkama eða karlmaður í kvenmannslíkama. Einstaklingurinn upplifir sig af öðru kyni en líffræðin segir til um og kys oft, þó ekki alltaf, að gangast undir hormónameðferð og/eða kynleiðréttingaraðgerð.

Klæðskiptingur: Sá/sú sem er klæðskiptingur klæðist fötum hins kynsins og gengur oft undir öðru nafni en vill ekki breyta líkama sínum með því að taka hormóna eða fara í leiðréttingaraðgerð.

Dragdrottningar og –kóngar: Að klæðast dragi er sú listgrein að koma fram í ákveðnu kynhlutverki, gjarnan í hlutverki andstæðs kyns, í formi skemmtunar og listar.

Intersex: Þegar ekki er hægt að sjá með fullri vissu hvort einstaklingurinn er líkamlega karlkyns eða kvenkyns er talað um að viðkomandi sé intersex. Á fræðilegu máli er talað um kynlitningaröskun. Röskunin getur verið allt lítið áberandi eða ósýnileg (litlingatengd) eða vel sýnileg á líkama einstaklings. Intersex flokkast ekki sem transgender en tengist engu að síður ýmsu er viðkemur transmálefnum.

- ▶ Talað er um **transfólk**, en ekki **kynskiptinga**. Orðið kynskiptingur hefur fengið neikvæða merkingu í gegnum tíðina og er misvísandi þar sem einstaklingur er ekki að skipta um kyn, heldur láta leiðrétta það.
- ▶ **Transkona** er einstaklingur sem fæðist líffræðilega karlkyns og lætur leiðrétta kyn sitt í kvenkyn.
- ▶ **Transmaður** er einstaklingur sem fæðist líffræðilega kvenkyns og lætur leiðrétta kyn sitt í karlkyn.
- ▶ Talað er um **kynleiðréttingaraðgerð** eða **kynleiðréttingu** en ekki kynskiptiaðgerð.

Ferlið til kynleiðréttingar

Ferlið samanstendur af mörgum skrefum sem sjálf kynleiðréttingaraðgerðin er aðeins lokaskrefið á. Ferlinu er gjarnan skipt í þrjá meginhluta sem eru:

1 Undirbúningsferlið – Til að getað byrjað í ferlinu þarf fyrst að hafa samband við tiltekinn geðlækni sem sér um málefni transfólks. Í samráði við hann fer einstaklingurinn að lifa í því kynhlutverki sem hann eða hún telur sig eiga að vera, klæða sig eins og einstaklingur af því kyni, ganga undir öðru nafni, o.s.frv. Einnig þarf einstaklingur að taka nokkur sálfræði- og geðpróf áður en haldið er á næsta stig. Undirbúningsferlið tekur að jafnaði eitt ár en getur verið mismunandi langt eftir einstaklingum.

2 Hormónaferlið – Á þessu stigi hefur einstaklingur gengið í gegnum próf hjá geðlækni og getur byrjað hormónagjöf. Inntaka kven- eða karlhormóna breytir t.d. fitumyndun, vöðvamassa og hárvexti líkamans. Einnig fær einstaklingurinn svokölluð stopphormón, sem stöðva ríkjandi kynhormón og auka virkni karl- eða kvenhormónanna sem gefin eru. Eftir að minnsta kosti eitt ár má einstaklingur undirgangast kynleiðréttingaraðgerð og þarf einstaklingur alltaf að vera á hormónum, líka eftir aðgerð. Eftir ákveðinn tíma í ferlinu getur einstaklingur líka fengið lagalega nafnbreytingu hjá Þjóðskrár en fram að því verður viðkomandi að hafa gamla nafnið á sinni kennitölu.

3 Aðgerðin – Margir sem gengið hafa í gegnum þessi tvö skref ákveða að fara í aðgerð. Aðgerðin sjálf er talsvert flókin og er líffræðilegt kyn einstaklings leiðrétt til að samsvara því kyni sem einstaklingurinn upplifir sig. Einnig undirgangast einstaklingar ýmsar aðrar aðgerðir, svo sem brjóstastækkun, brjóstnám, hárrótareyðing, legnám og fleira. Einnig má nefna að sumir einstaklingar kjósa ekki að fara í sjálfa kynleiðréttingaraðgerðina.

Ferlið tekur mislangan tíma og getur spannað frá þremur árum upp í tíu ár. Núna er hægt að undirgangast aðgerðina hér á landi og geta einstaklingar fengið að ljúka ferlinu innan um fjölskyldu sína í stað þess að þurfa að ferðast til útlanda til að fara í aðgerð eins og tíðkaðist áður fyrr.